

Hverafuglar

Kór Félags eldri borgara í Hveragerði kom fyrst saman til æfinga árið 2002 undir stjórn Kristínar Sigfúsdóttur og var hann kallaður Litli sönghópurinn. Á fyrstu æfingu mættu 8 manns, 2 í bassa, 1 í tenór, 2 í alt og 3 í sópran, en fljótlega fjölgaði í kórnum. Fjórir stofnenda kórsins eru enn syngjandi í honum. Hverafuglar hafa frá upphafi haft fjóra söngstjóra. Árið 2009 tók Heiða M. Guðmundsdóttir við stjórn kórsins af Kristínu Sigfúsdóttur og undirleikari með henni var Björg Hilmisdóttir. Í janúar 2011 tók Gróa Hreinsdóttir við stjórn kórsins, en á haustdögum 2012 tók núverandi stjórnandi Hverafugla, Örlygur Atli Guðmundsson, við af henni.



Litli sönghópurinn kom fyrst fram á jólagleði 2002. Frá vinstri: Kristín Sigfúsdóttir við píanóið, Ásdís Dagbjarsdóttir, Borghildur Traustadóttir, Ásgerður Sigbjörnsdóttir, Tómas Antonsson, Magnús Guðmundsson, Auður Guðbrandsdóttir, Eiríkur Hlöðversson, Kristín Stefánsdóttir, Ragnheiður Busk, Rannveig Hjálmarsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir.

Í upphafi söng kórinn mest á samkomum og fundum félagsins, en einnig oft í Hjúkrunarheimilinu Ási. Einnig var farið og sungið á Dvalarheimilinu Kumbaravogi og fleiri hliðstæðum stofnunum allt frá Rangárþingi til Kjalar-ness. Þegar söngfólkinu óx kjarkur og þor, var farið að bjóða kórum heim og þeir að endurgjalda boðin.

Á síðustu árum hefur kórinn sungið á jólafundum félagsins, þorablotum og vorfagnaði. Að auki hefur kórinn komið fram 8-10 sinnum á ári við ýmis tækifæri. Allt söngfólk er velkomið í kórinn, einkum væri kærkomið að styrkja karlaraddirnar.

Hverafuglar hafa skipst á heimsóknum við nokkra kóra á síðustu árum og hafa það verið einkar ánægjulegar samkomur. Mikið samband hefur verið við Hringinn, kór eldri borgara í Rangárvallasýslu, og Glæðurnar, kór kvenfélags Bústaðakirkju. Einnig höfum við fengið heimsókn Tóna og trix frá Þorlákshöfn, heimsótt kór eldri borgara í Garðabæ, og kór eldri borgara að Vesturgötu 7. Enn má nefna heimsóknir kórs eldri borgara á Akureyri og kórs frá Förde í Vestur-Noregi hingað í Hveragerði.



Færeyjaferð var farin vorið 2007. Fyrir hana var einróma samþykkt að Litli sönghópurinn hlyti nafnið Hverafuglar. Sungið var í Friðrikskirkju í Tóftum. Með í för voru Kristín söngstjóri og Hilmar Örn undirleikari.



með sína kóra til tónleika í Hveragerðis-kirkju. Þarna voru saman komnir 6 kórar með um 150-170 söngmönnum og var aldursmunur liðlega 80 ár á yngsta og elsta söngvara. Eftir

Haustið 2012 héldu Hverafuglar upp á 10 ára afmæli sitt og buðu öllum núverandi og fyrrverandi söngstjórum

tónleikana var haldið á Hótel Örk og drukkið veislukaffi með skemmtiatriðum og ræðuhöldum.